

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

6. fundur stjórnar L.H. haldinn í  
Bændahöll 8.05. '89 kl. 16:00

Mættir: Undirritaðir stjórnarmenn.

1. Kári greindi frá fundi, sem aðalmenn stjórnar áttu með fulltrúum fjögurra eyfirska hestamannafélaga, sem var 15. apríl á Dalvík. Málefni bessi eru í athugun.
- 2a. Skógreiðardagur. Útlit er fyrir að fyrirhugaðar dagsetningar ca. 10. júní riðlist eitthvað vegna tíðarfars og þrálátra snjóalaga.
- 2b. Barnadagur. Félögunum er ætlað að ákveða dag hvert fyrir sig.

Hvað varðar skógreiðardaginn er ætlunin að skógræktarfélög á hverjum stað leggi til plöntur og hestamannafélögin leggi til vinnu. Fundarmenn báru fram ýmsar fyrirspurnir og ábendingar um málið. Bent var á að hentugt gæti verið að koma upp trjám á áningarástöðum og við móttssvæði og var það rætt nokkuð. Ákveðið var að skrifa formönnum bréf og koma málínu á framfæri. Þá var ákveðið að koma hugmyndum um barnadag á framfæri við félögin og þrýsta á um að þau láti verða af þessu í sumar.

3. Formaður greindi frá málefnum Reiðhallarinnar h.f. Send hafa verið út gjafabréf, hefur það verið í gangi þessa dagana. Þá ræddi formaður ýmsar hugmyndir varðandi rekstur. Þá ræddi formaður málefni Reiðskólans. Hann hætti formlega 10. apríl. Hefur öllum starfsmönnum verið sagt upp, nema skólastjóranum, en hann var ráðinn til 1 árs. Það kom fram að fyrirhugað er að starfrækja skólann með öðrum hætti næsta veturn. Fundarmenn ræddu þessi mál allmikið.
4. Kominn var til fundar Ólafur B. Schram. Ólafur taldi sig hafa orðið fyrir vonbrigðum með viðtökur við kortunum, en eftirspurn eftir þeim hefur verið full lítil. Svæðin sem hann hefur gert kort af eru na-land, mið-Ísland og Mið-vesturland. Sýndi Ólafur stjórnarmönnum uppkast af kortum sem hafa verið í vinnslu. Þá greindi Ólafur frá þeirri vinnu, sem hann hefur unnið. Gerðust stjórnarmenn allir áskrifendur.

Rætt var um að koma málínus á framfæri við hestamannafélög-in. Samþykkt að veita 68.000 kr. framlag til að ljúka vinnunni. Líklegt er að þetta náist inn aftur seinna, þegar sala fer í gang.

5. Fjórðungsmót á Iðavöllum. Jón Bergsson skýrði frá framkvæmdum mála. Jón taldi verkfall ráðunauta tefja framgang málins og er þetta að byrja að verða bagalegt. Framkvæmdir ganga vel og enn fremur kynnti Jón drög að dagskrá. Gunnar spurði um umsóknir um reiðvegastyrki og taldi Jón eitthvað af þeim ekki komið fram. Hjalti taldi að brydda þyrfti upp á einhverju nýju til að draga að og vekja athygli. Framkvæmdastjóri hefur ekki verið ráðinn, en framkvæmdanefnd á vegum Freyfaxa starfar að málinu, og hvatti stjórnin nefndina til allra góðra hluta sem framkvæmd mótsins mætti verða til framdráttar og var Jón beðinn um að flytja heimamönnum þessi skilaboð.
6. Hesturinn Okkar - aukablað. Hjalti hafði framsögu í málinu, og taldi að aðeins betur hefði mátt takast til hvað varðar lesmál og boðskap blaðsins. Hjalta sýndist ekki veita af því að gefa út svona blað þrisvar á ári. Yfirleitt virðist blaðinu hafa verið vel tekið. Fundarmenn ræddu blaðaútgáfu af þessu tagi. Áætlað er að blaðið gefi ca. 290.000 kr. nettó. Það kom fram að rétt væri að huga að útgáfu í haust og e.t.v. í tengslum við afmælið í haust.
7. Ársþing L.H. er fyrirhugað á vegum Ljúfs í Hveragerði. Ræddi formaður hugsanlegt efni þingsins og nefndi hann þar m.a. málefni hrossaræktar og mótaðald o. fl. Formaður ræddi um að heiðra eftirtalda menn með gullmerki: Steinþór Gestsson, Sigurð Haraldsson, Pál A. Pálsson og Þorkel Bjarnason.  
Rætt var um hentugar gjafir og var Hjalta falið að kanna þetta betur. Fundarmenn ræddu nokkuð með hvaða hætti ætti að halda upp á afmælið í sambandi við þingið og þarf að hafa samráð við heimamenn um málíð.  
Rætt var um hentugar gjafir og var Hjalta falið að kanna þetta betur. Fundarmenn ræddu nokkuð með hvaða hætti ætti að halda upp á afmælið í sambandi við þingið og þarf að hafa samráð við heimamenn um málíð.
8. 16. maí verður stofnað Hestaíþróttasamband Íslands og verður það aðili að ÍSÍ. Ekki hefur verið útfært hvernig tengslin verða milli þess og L.H.
9. Lesið bréf frá Birnu Hauksdóttur á Skáney og varðar gæðingakeppni í Danmörku, en áhugi á slíku er vaxandi erlendis. Beðið er um að gefa bikar í þessa keppni. Málíð verður kannað m.t.t.p. um hvers konar keppni er þarna að ræða og á hvers vegum hún er.
10. Skógarhólar. Hjalti upplýsti, að Þingvallanefnd væri reiðubúin að greiða helming girðingakostnaðar, laun vörslumanns í 3 mánuði og fæði fyrir hann.

Þá gat Hjalti um að líklega yrði reist hólf í Viðikerum. Þá ræddi hann um að fá sjálfbóðaliða frá félögunum í ná-grenninu til að taka til hendi eitt til tvö kvöld. Það yrði gert í samráði við þriggja manna nefnd sem hefði umsjón með málinu. Þá getur Landgræðslan flutt áburð á staðinn og látið í té fræ ef óskað er.

Fundi slitið kl. 19:00

Guðmundur Jónsson, fundarr.

Sigbjörn Björnsson  
Kári Arnórsson  
Sigurður Hallmarsson  
Gunnar B. Gunnarsson

Kristbjörg Eyvindsd.  
Elísabet Þórólfssd.  
Jón Bergsson  
Sigfús Guðmundsson